

Úthlutunarreglur

Nemendagarða Búvísindadeildar á Hvanneyri

1.gr.

Rétt til úthlutunar á leiguhúsnæði í nemendagörðum eiga nemendur LbhÍ á hverjum tíma sem sýna eðlilega námsframvindu og lofa að hlýða þeim reglum og fyrirmælum sem gilda. Stjórn nemendagarðanna er heimilt að úthluta því leiguhúsnæði sem af gengur við hefðbundna úthlutun.

2.gr.

Stjórn nemendagarðanna sér um úthlutun og skal auglýsa eftir umsækjendum fyrir 15. júní ár hvert. Á umsókninni komi fram hvort sótt er um íbúð eða herbergi, hvernig fjölskylduaðstæðum sé háttað og hvort umsækjandi óski eftir herbergi ef íbúð fæst ekki eða öfugt. Úthlutun skal lokið fyrir 1. júlí ár hvert.

3.gr.

Við úthlutun leiguhúsnæðis skal eftirfarandi forgangsreglum fylgt þ.e. 1 er mesti forgangur (sjá þó nánari skilgreiningu):

1. Par, bæði námsmenn við LbhÍ með barn.
2. Námsmaður við LbhÍ (einstætt foreldri) með barn.
3. Námsmaður við LbhÍ og maki með barn.
4. Par, bæði námsmenn við LbhÍ, barnlaus.
5. Námsmaður við LbhÍ og maki, barnlaus.
6. Einstakur námsmaður við LbhÍ.

4.gr.

Leigutímabil íbúða/herbergja er eitt ár frá 15. ágúst ár hvert að undanskildum herbergjum í Árgarði og Hlégarði þar sem tímabilið skal vera 9 mánuðir hið minnsta frá 15. ágúst til 15. maí.

Fái námsmaður úthlutað húsnæði er honum skylt að undirrita leigusamning sem stjórn Nemendagarða lætur í té og inniheldur nánari ákvæði um réttindi og skyldur leigutaka og leigusala.

Sæki barnlaust sambýlisfólk um paríbúð eða herbergi skal litið svo á að báðir aðilar séu umsækjendur og skulu báðir undirrita leigusamning.

Nánari skilgreiningar:

- Við úthlutun gangi þeir fyrir sem lengst eru komnir í háskólanámi.
- Þeir sem lengst eru komnir í námi gangi að öllu jöfnu fyrir, þó er það svo að

barnafólk er ætíð rétt hærra en barnlaust fólk við úthlutun íbúða án tillits til hve langt það er komið í námi við LbhÍ.

- Óski þar eftir leiguhúsnæði skal engu breyta hvar né við hvað maki vinnur svo fremi hann dveljist að staðaldri eða hafi lögheimili í nemendagörðunum á leigutímabilinu.
- Byrja skal á því að raða endanlega niður í íbúðirnar. Að því loknu skal úthluta herbergjum og bætast þeir í hópinn sem ganga af við íbúðarúthlutun, en réttur þeirra eykst ekkert.
- Sú regla skal gilda að fleiri börn skapa meiri rétt en breytir þó ekki ofangreindri forgangs röð.
- Þannig gildi að eigi umsækjandi von á barni, sem sýnt er að fæðast muni á skólaárinu og dveljast muni hjá honum, þá eykst réttur hans til húsnæðis.
- Séu tveir eða fleiri með jafnan rétt m.t.t. fjölda barna skal úthlutað eftir aldri barnanna. Verði ágreiningur um forgangs röðun m.t.t. aldurs barnanna skal meðalaldur barnanna gilda og lægri aldur vera rétt hærri.
- Séu tveir eða fleiri jafn rétt háir eftir þessa forgangs röðun skal hlutkesti varpað.

Dæmi um úthlutun:

A) Námsmaður á t.d. þriðja ári með barn (einstæður) komi á undan pari (bæði nemendur við LbhÍ) á fyrsta ári með barn við úthlutun íbúðar.

B) Námsmaður á fyrsta námsári með barn komi á undan barnlausu pari (bæði nemendur við LbhÍ á þriðja ári) við úthlutun íbúðar.

5.gr.

Allt dýrahald er bannað í húsnæði nemendagarðanna, skal einu gilda hvaða dýr á í hlut og undanþágur eru ekki veittar.

Samþykkt á fundi stjórnar

26. júní 2006

Þorvaldur T. Jónsson

Ásta Kristín Guðmundsdóttir

Snorri Sigurðsson